

**426. Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
fimmtudaginn 17. mars 2011 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari.

Dagskrá:

- 1. 1102008F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 35**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 2. 1102009F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 59**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 3. 1103005F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 60**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 4. 1102012F - Hafnarstjórn Tálknafjarðarhrepps - 1**
3.töluliður: Tilboð hefur borist í stálpil og hefur hafnarstjórn tekið því tilboði skv. upplýsingum EIS.
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 5. 1102112 - MEÓ fundargerð 82.fundar stjórnar þann 9. og 25.febrúar 2011**
Lagt fram til kynningar.
- 6. 1102050 - Fundargerð frá 4.02.2011**
Lagt fram til kynningar.
- 7. 1103018 - 784.fundargerð SÍS**
Lagt fram til kynningar.
- 8. 1103039 - Borun vinnsluholu í landi Litla-Laugardals**
Fyrirspurn var send til skipulagsstofnunar þann 11. mars 2011, beðið er umsagnar um hvort fyrirhugaðar framkvæmdir séu undanþegnar umhverfismati.
- 9. 1103017 - Stofnun félags um hitaveitu Tálknafjarðarhrepps**
Tillaga framkvæmdastjóra: Undirrituð leggur það til við hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps að stofnuð verði hitaveita Tálknafjarðarhrepps og verði hún B-hluta stofnun hjá sveitarfélaginu. Jafnframt leggur undirrituð til að allur áfallinn kostnaður vegna undirbúnings framkvæmdarinnar verði eignfærður á hitaveituna. Samþykkt samhljóða.
- 10. 1103004 - 1. Landsmót UMFÍ 50+**
Auglýst eftir umsóknum sambandsaðila til að taka að sér undirbúning og framkvæmd landsmóts UMFÍ 50+.Ákveðið að sækja ekki um. Samþykkt samhljóða.

- 11. 1103001 - Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.**
Engir frambjóðendur gáfu sig fram.
- 12. 1102095 - Innkaupareglur Tálknafjarðarhrepps - endurskoðun**
Innkaupareglur teknar til fyrri umræðu, vísað til síðari umræðu. Samþykkt samhljóða.
- 13. 1102051 - Góðverk dagsins - beiðni um styrk**
Lagt fram til kynningar.
- 14. 1102035 - Unglingalandsm UMFÍ 2013 - umsóknir sveitafélaga.**
Auglýst eftir umsóknum sambandsaðila til að taka að sér undirbúning og framkvæmd unglíngalandsmóts 2013 og 2014. Ákveðið að sækja ekki um. Samþykkt samhljóða.
- 15. 1103023 - Kosning trúnarðarmanna - Tálknafjarðahreppur.**
Oddvita falið að hafa samband við FOS-Vest vegna málsins. Samþykkt samhljóða.
- 16. 1102024 - Umhverfisráðuneytið gildistaka mannvirkjalaga**
Samkvæmt nýjum mannvirkjalögum nr. 160 frá 2010 er ekki lengur lagaskylda að hafa starfandi bygginganefnd, en skipulagsnefnd skal starfa í sveitarfélaginu. Ákveðið að hafa samband við forsvarsmenn Vesturbyggðar um samvinnu á þessu sviði, sem og að samræma gjaldskrár vegna vinnu forstöðumanns tæknideildar.
Samþykkt samhljóða.
- 17. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**
Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna á Vestfjörðum funduðu á Hólmavík 3. mars, einnig komu til fundarins stjórnir og framkvæmdastjórar/starfsmenn stofnana á fjórðungsvísu, þar sem meðal annars var rætt um tillögu þess efnis að breyta skipulagi. Forstöðumaður Markaðsstofu lagði fram tillögu um auglýsingaherferð sem er í bígerð.
Einnig var komið inn á úrbætur sem gera þarf í sundlaug, tilboð vegna nýrrar heimasíðu ofl.
- 18. 1102054 - Námskeið fyrir sveitastjórnarmenn vorið 2011**
Lagt fram til kynningar.
- 19. 1103002 - Fundarboð XXV. landsþing SÍS25. mars 2011.**
Lagt fram til kynningar.
- 20. 1103003 - Endurgr vsk vegna kaupa á slökkvibúnaði.**
Lagt fram til kynningar.
- 21. 1103024 - Ályktun mótmælafundur "Samstaða um framhald tónlistarskólanna"**
Lagt fram til kynningar.
- 22. 1103046 - Þjóðaratkvæðageiðsla 9. apríl**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____